

Fullgild rafræn undirskrift

SALOME HALLFREÐSDÓTTIR

Kennitala: 080980-5829
2025-05-27 11:54:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ODDUR MÁR GUNNARSSON

Kennitala: 011259-5889
2025-05-27 11:54:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SIGMUNDUR EINAR ÓFEIGSSON

Kennitala: 200458-2309
2025-05-27 11:55:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SALVÖR JÓNSDÓTTIR

Kennitala: 251259-2759
2025-05-27 11:57:46 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SINDRI KARL SIGURÐSSON

Kennitala: 200370-4819
2025-05-27 12:04:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

HÓLMFRÍÐUR SVEINSDÓTTIR

Kennitala: 080272-4649
2025-05-27 12:05:04 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON

Kennitala: 100364-5659
2025-05-27 12:06:36 GMT
Ástæða: Undirskrift

Matís ohf.

Ársreikningur 2024

kt: 670906-0190

Vínlandsleið 12

113 Reykjavík

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Starfsemi félagsins

Matís ohf. var stofnað árið 2006 á grundvelli laga nr. 68/2006. Matís styður við verðmætasköpun, lýðheilsu og matvælaöryggi og leitast við að hafa áhrif á samfélagið með rannsóknum, í samstarfi við atvinnulíf og hið opinbera. Unnið er að fjölbreyttum verkefnum í matvælaíðnaði þar sem áhersla er lögð á nýsköpun og verðmætaaukningu. Verkefni eru unnin í samvinnu við innlenda matvælaframleiðendur, háskóla, fyrirtæki og stofnanir sem með einhverjum hætti veita matvælaíðnaði þjónustu. Markvisst er unnið að því að auka samvinnu við erlendar rannsóknastofnanir og fyrirtæki í gegnum alþjóðleg rannsókn- og þróunarverkefni sem stuðlar að bæði miðlun og öflun þekkingar. Starf Matís er fjármagnað að hluta með þjónustusamningi við atvinnuvegaráðuneytið, en auk þess með verkefnum fyrir ýmsar opinberar stofnanir og eftirlitsaðila, ráðgjafaverkefnum, þjónustumælingum og rannsókn- og nýsköpunarverkefnum úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Matís er með starfsemi víðsvegar um Ísland og rekur starfsstöðvar í öllum landsfjórðungum. Kjarnastarfsemi fyrirtækisins er deilt á tvö svið, rannsóknarsvið og þjónustusvið, auk starfa við rekstur og framkvæmdastjórn.

Rekstur ársins og framtíðarhorfur

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og eru allar fjárhæðir í íslenskum krónum.

Tap af rekstri félagsins fyrir árið 2024 var 105 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Þann 31. desember námu heildareignir félagsins 807 millj. kr. og bókfært eigið fé nam 241 millj. kr. Ársverk hjá Matís á árinu 2024 voru 86,3 þar af voru konur í 52,6 stöðugildum og karlar í 33,7 stöðugildum.

Gerður var nýr þjónustusamningur á árinu 2025 við ráðuneytið til eins árs sem gildir frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2025. Samningurinn tryggir rannsóknir Matís á sviði matvælaöryggis vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera og styður við aðra starfsemi fyrirtækisins. Einnig er verið að ganga frá viðbótarsamningi sem ætlað er að mæta kostnaði vegna rannsóknarverkefna á árinu 2025.

Stjórn Matís leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum í starfsemi félagsins sem tryggir fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Þá hefur stjórn Matís sett sér starfs- og siðareglur til þess að vinna eftir.

Óvissuþættir og ytra umhverfi

Helstu óvissuþættir í starfsemi félagsins eru efnahagsumhverfi, ákvarðanir í ríkisfjármálum, lausafjárahætta og innheimta viðskiptakrafna.

Matís ohf reiðir sig á stuðning frá Ríkissjóði og því geta breyttar áherslur í ríkisfjármálum haft áhrif á félagið.

Lausafjárahætta er hættan á að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar á gjalddögum. Stjórnendur gera greiðsluáætlanir fram í tímann og hafa gott daglegt eftirlit með lausafjárstöðu. Lausafjárstaðan er ágæt og félagið er með góðan aðgang að skammtímafjármögnun hjá viðskiptabanka. Lausafjárahætta er ekki metin mikil.

Kröfuáhætta er hættan á að viðskiptavinir félagsins standi ekki við skuldbindingar sínar. Allar viðskiptakröfur í ársreikningi félagsins hafa verið aldursgreindar og metnar með tilliti hve líklegt er að þær fái innheimtar. Ef einhver óvissa ríkir um innheimtu krafna eru þær færðar niður í óbeinni niðurfærslu í ársreikningi. Almennt hefur tap viðskiptakrafna verið óverulegt undanfarin ár en breytingar í forsendum samninga við viðskiptavini geta leitt til breytinga á innheimtu viðskiptakrafna.

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Stjórn

Í stjórn félagsins eru fimm stjórnarmenn og þar af þrjár konur.

Eignarhald félagsins og ráðstöfun hagnaðar

Hlutfé félagsins nemur 150 millj. kr. og er allt í eigu ríkissjóðs eins og í ársbyrjun. Stjórn Matís ohf leggur til að ekki verði greiddur út arður á árinu 2025 en vísar að öðru leyti til ársreiknings um breytingar á eigin fé félagsins á árinu 2024.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri Matís ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024, með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 27. maí 2025

RAFRÆN UNDIRRITUN Á FORSÍÐU

Salvör Jónsdóttir, stjórnarformaður

Sindri Karl Sigurðsson, stjórnarmaður

Hólmfríður Sveinsdóttir, stjórnarmaður

Salóme Hallfreðsdóttir, stjórnarmaður

Sigmundur Einar Ófeigsson, stjórnarmaður

Oddur Már Gunnarsson, forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Matís ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Matís ohf fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháðir Matís ohf í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Önnur mál

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 var endurskoðaður af Ríkisendurskoðanda sem setti fram fyrirvaralaus áritun fyrir þann ársreikning þann 28. maí 2024.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Matís ohf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 27. maí 2025

RAFRÆN UNDIRRITUN Á FORSÍÐU

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
löggiltur endurskoðandi



Gæðaendurskoðun slf
Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur:			
Seld þjónusta		634.813.928	599.325.215
Styrkir vegna rannsóknarverkefna		640.584.078	810.342.075
Samningur við ráðuneyti		505.000.000	512.785.652
Aðrar tekjur		703.964	682.760
	3	<u>1.781.101.970</u>	<u>1.923.135.702</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og tengd gjöld	7	1.159.776.680	1.170.516.475
Annar rekstrarkostnaður		690.263.824	720.893.950
		<u>1.850.040.504</u>	<u>1.891.410.425</u>
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða og afskrifta		(68.938.534)	31.725.277
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna	8,9	(60.546.423)	(65.501.674)
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða		<u>(129.484.957)</u>	<u>(33.776.397)</u>
Vaxtatekjur		8.832.621	4.946.082
Vaxtagjöld		(9.527.108)	(3.978.795)
Gengismunur	4	(1.089.575)	305.758
		<u>(1.784.062)</u>	<u>1.273.045</u>
Tap af rekstri fyrir tekjuskatt		(131.269.019)	(32.503.352)
Tekjuskattur	12,13	<u>26.249.624</u>	<u>6.496.630</u>
Tap ársins		<u><u>(105.019.395)</u></u>	<u><u>(26.006.722)</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir:			
Óefnislegar eignir:			
Hugbúnaður		16.013.324	4.172.438
	8	16.013.324	4.172.438
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Rannsóknartæki		207.060.787	231.789.910
Innréttingar		3.549.903	6.412.523
Áhöld og tæki		788.959	2.385.596
	9	211.399.648	240.588.029
Fjáreignir:			
Eignarhlutir í dótturfélögum	10	750.000	750.000
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	807.950	807.950
		1.557.950	1.557.950
Reiknuð tekjuskattseign	12,13	24.634.827	0
Fastafjármunir		253.605.749	246.318.417
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	15	100.263.325	97.363.810
Viðskiptakröfur, rannsóknarverkefni	15	333.542.368	490.482.955
Aðrar skammtímakröfur		1.926.212	1.778.790
Handbært fé		117.421.195	20.757.895
Veltufjármunir		553.153.100	610.383.450
Eignir samtals		806.758.850	856.701.867

31. desember 2024

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2024	2023
Eigið fé:			
Hlutfé	16,17	150.000.000	150.000.000
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár		4.948.160	4.948.160
Lögbundinn varasjóður		13.225.062	13.225.062
Óráðstafað eigið fé		72.672.106	177.691.501
Eigið fé	17	240.845.328	345.864.723
Langtímaskuldir:			
Tekjuskattskuldbinding	12,13	0	1.614.797
Langtímaskuldir		0	1.614.797
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		0	18.855.507
Viðskiptaskuldir		117.662.072	219.700.384
Fyrirframinnheimtar tekjur	18	284.401.300	133.313.366
Aðrar skammtímaskuldir		163.850.149	137.353.090
Skammtímaskuldir		565.913.521	509.222.347
Skuldir samtals		565.913.521	510.837.144
Skuldir og eigið fé samtals		806.758.850	856.701.867

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar:			
Tap ársins		(105.019.395)	(26.006.722)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8,9	60.546.423	65.501.673
Reiknuð tekjuskattseign, breyting	12,13	(26.249.624)	(6.496.630)
		<u>(70.722.596)</u>	<u>32.998.321</u>
Veltufé (til) frá rekstri			
Breytingar á rekstartengdum eignum:			
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)		154.041.072	(33.841.752)
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(147.422)	2.037.114
Breytingar á rekstartengdum skuldum:			
Viðskiptaskuldir, (lækkun) hækkun		(102.038.312)	120.089.424
Fyrirframinnheimtar tekjur, hækkun (lækkun)		151.087.934	(263.292.775)
Aðrar skammtímaskuldir, hækkun		26.497.059	3.592.451
		<u>229.440.331</u>	<u>(171.415.538)</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum			
		<u>158.717.736</u>	<u>(138.417.217)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar			
Fjárfestingahreyfingar:			
Kaupverð óefnislegra eigna	8	(15.116.345)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(28.082.584)	(80.446.332)
		<u>(43.198.929)</u>	<u>(80.446.332)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuldir við lánastofnanir, breyting		(18.855.507)	0
		<u>(18.855.507)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		96.663.300	(218.863.549)
Handbært fé í ársbyrjun		20.757.895	239.621.444
Handbært fé í árslok		<u>117.421.195</u>	<u>20.757.895</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir og ýmsar grunnupplýsingar

- Matís ohf er íslenskt opinbert hlutafélag sem var stofnað á grundvelli laga um Matís nr. 68/2006. Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og reka aðra skylda starfsemi. Matís ohf er skráð á Vínlandsleið 12 og er það heimilisfesti félagsins. Félagið er jafnframt með fjórar starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins sem eru á Ísafirði, Akureyri, Hvanneyri og í Neskaupstað.
- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- Innlausn tekna af sölu á þjónustu eru bókaðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar mánaðarlega og reikningsfærðar í lok hvers mánaðar. Styrkir vegna rannsóknarverkefna eru færðar í bókhald mánaðarlega miðað við framvindu eða þá skuldbindingu sem Matís ohf. hefur innt af hendi í verkefnunum. Tekjuskráningu er hagað skv. þeirri meginreglu að skráning tekna lýsi yfirfærslu á þjónustu til viðskiptavina á þann veg að það endurspegli það gagngjald sem félagið á rétt á við yfirfærsluna.
- Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags og gengismunur vegna viðskiptanna er færður í rekstrarreikning.
- Verðtryggðar eignir og skuldir í árslok eru færðar upp miðað við vísitölu í janúarbyrjun 2025. Gengistryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðast skráðu gengi gjaldmiðla í desember 2024.
- Frekari umfjöllun um reikningsskilaaðferðir vegna einstakra liða í ársreikningi er að finna í skýringum fyrir viðkomandi liði hér á eftir.

Rekstrarreikningur

Laun og launatengd gjöld

7. Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast sem hér segir:	2024	2023
Laun	939.279.166	945.359.782
Bifreiðastyrkur	9.803.724	8.723.447
Mótframlag í lífeyrissjóð	127.177.367	130.746.138
Önnur launatengd gjöld	83.516.423	85.687.108
Samtals laun og launatengd gjöld ársins	1.159.776.680	1.170.516.475
Fjöldi ársverka á árinu	86,3	91,8

Laun og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu 37,8 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 36,5 millj. kr.).

Skýringar, frh.:

Fastafjármunir

Óefnislegar eignir

8. Óefnislegar eignir samanstanda af hugbúnaði og eru færðar til eignar á upphaflegu kostnaðarverði, að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði og greinast þannig:

	Hugbúnaður
Heildarverð 1.1.2024	43.281.672
Afskrifað samtals 1.1.2024	(39.109.234)
Bókfært verð 1.1.2024	4.172.438
Keypt á árinu	15.116.345
Afskrifað á árinu	(3.275.459)
Bókfært verð 31.12.2024	16.013.324
Heildarverð 31.12.2024	58.398.017
Afskrifað samtals 31.12.2024	(42.384.693)
Bókfært verð 31.12.2024	16.013.324
Afskriftahlutföll	20%

Varanlegir rekstrarfjármunir

9. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði, að frádregnum afskriftum.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

	Rannsóknartæki	Innréttingar	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2024	1.051.573.491	28.253.078	21.580.372	1.101.406.941
Afskrifað samtals 1.1.2024	(819.783.581)	(21.840.555)	(19.194.776)	(860.818.912)
Bókfært verð 1.1.2024	231.789.910	6.412.523	2.385.596	240.588.029
Keypt á árinu	28.082.584	0	0	28.082.584
Afskrifað á árinu	(52.811.707)	(2.862.619)	(1.596.638)	(57.270.964)
Bókfært verð 31.12.2024	207.060.787	3.549.903	788.959	211.399.648
Heildarverð 31.12.2024	1.079.656.075	28.253.078	21.580.372	1.129.489.525
Afskrifað samtals 31.12.2024	(872.595.288)	(24.703.174)	(20.791.414)	(918.089.876)
Bókfært verð 31.12.2024	207.060.787	3.549.903	788.959	211.399.648
Afskriftahlutföll	20-30%	20%	20-30%	

Vátryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna nam 813.312.000 kr. þann 31.12.2024.

Skýringar, frh.:

Fjáreignir

10. Eignarhlutir í dótturfélögum eru færðir á kostnaðaverði samkvæmt heimild í 40. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 sbr. 70. gr. sömu laga.

Félagið gerir ekki samstæðureikning með dótturfélögum sínum í samræmi við heimild í 68.gr laga um ársreikninga.

Upplýsingar um eignarhluti í dótturfélögum:	Eignarhlutur	Bókfært verð
ChemoBacter ehf, Reykjavík	100%	500.000
UNA skincare ehf, Reykjavík	50%	250.000
Eignarhlutir í dótturfélögum samtals		750.000

11. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði og greinast þannig í árslok:

	2024	2023
Óskráð innlend hlutabréf	807.950	807.950
Eignarhlutir í öðrum félögum í árslok	807.950	807.950

Reiknuð tekjuskattseign

12. Tekjuskattseign er reiknuð og færð til eignar í ársreikningnum. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins.

13. Reiknuð tekjuskattseign (skuld) greinist þannig:	2024	2023
Reiknuð tekjuskattseign í ársbyrjun	(1.614.797)	(8.111.427)
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning	26.249.624	6.496.630
Reiknuð tekjuskattseign (skuld) í árslok	24.634.827	(1.614.797)

Reiknuð tekjuskattseign (skuld) skiptist þannig á liði:	2024	2023
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	(7.061.593)	(6.827.625)
Viðskiptakröfur	0	(4.330.157)
Frestaður gengismunur	124.893	593.905
Yfirfæranlegt skattalegt tap	31.571.528	8.949.080
Reiknuð tekjuskattseign í árslok	24.634.827	(1.614.797)

Skýringar, frh.:

14. Skattalegt tap í árslok 2024, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 157.857.637 kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2023, nýtanlegt til ársins 2033	44.745.399
Tap ársins 2024, nýtanlegt til ársins 2034	113.112.238
Yfirfæranlegt skattalegt tap	157.857.637

Skammtímakröfur

15. Viðskiptakröfur eru ekki færðar niður í ársreikningnum þar sem ekki er talin hætta á að kröfur muni tapast. Breyting niðurfærslu greinist þannig:

	2024	2023
Niðurfærsla viðskiptakrafna í ársbyrjun	7.741.553	7.741.553
Niðurfærsla á árinu, breyting	(7.741.553)	0
Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok	0	7.741.553

Eigið fé

16. Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nam 150.000.000 kr. í árslok 2024. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

17. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024	150.000.000	4.948.160	13.225.062	177.691.501	345.864.723
Tap ársins				(105.019.395)	(105.019.395)
Eigið fé 31.12.2024	150.000.000	4.948.160	13.225.062	72.672.106	240.845.328

Fyrirframinnheimtar tekjur:

18. Fyrirframinnheimtar tekjur samanstanda af styrkjum vegna verkefna, sem eru greiddir fyrirfram og tekjufærast síðar miðað við framgang verkefnanna.

Skattamál

19. Á árinu 2023 var lögum um tekjuskatt breytt þannig að tekjuskattshlutfall hækkaði tímabundið úr 20% í 21% og er því 21% tekjuskattshlutfall vegna ársins 2024. Tekjuskattshlutfallið breytist svo aftur á árinu 2025 í 20%.

Í ársreikningi félagsins er ekki tekjuskattur til greiðslu á árinu 2025 vegna ársins 2024 en hann hefði verið reiknaður miðað við 21% tekjuskattshlutfall. Reiknuð tekjuskatteign að fjárhæð 24,6 millj. kr. er reiknuð miðað við 20% tekjuskattshlutfall.

Skýringar, frh.:

Þóknun til endurskoðanda

20. Þóknun til endurskoðanda félagsins á árinu 2024 nam 4,7 millj. kr. (2023: 5,2 millj. kr.)

Skuldbindingar

21. Félagið er með á leigu skrifstofu- og atvinnuhúsnæði fyrir rekstur sinn. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru því ekki færðir í efnahagsreikning. Leigusamningarnir eru verðtryggðir og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Í samningum er að finna uppsagnarheimildir en til staðar eru einnig framlengingarákvæði sem spanna frá einu ári upp í tíu.

Gjaldfærð húsaleiga nam 186,3 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 176,0 millj. kr.) og er húsaleigan færð á meðal annars rekstrarkostnaðar. Neðangreind tafla sýnir leigugreiðslur sem félagið skuldbindur sig til að greiða næstu árin, en ekki er tekið tillit til áhrifa framtíðarverðbólgu á leigugreiðslurnar:

	Fjárhæð
Húsaleiga árið 2025	186.260.508
Húsaleiga árið 2026	176.390.503
Húsaleiga árið 2027	173.863.835
Húsaleiga árið 2028	173.863.835
Húsaleiga árið 2029	173.863.835